

Ed.

628. Breytingartillögur

[197. mál]

við frv. til l. um Ljósmeðraskóla Íslands.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Skólinn heitir Ljósmeðraskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., og breytist röð síðari greina í samræmi við það. Greinin orðist þannig:

Stjórn skólans annast skólanefnd þriggja manna, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Ljósmeðrafélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Nefndin kys sjálf formann sinn. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.